



Mái 2022

Ágætu félagar

Lok skólaárs

Í ljóði Lovísu E. Sigrúnardóttur segir:

*Í dimmum vetri – hækkar sól
bræðir hjartans klakabönd – svo hlý.
Í dimmum vetri – vorið væna
vermir þitt vænghaf á ný.*

Skólafólk er farið að sjá fyrir endann á þessu skólaári og grillir í sumarleyfi þar sem við söfnum kröftum til að geta hafið okkur á flug næsta haust í starfi með nemendum. Veturinn hefur verið viðburðaríkur en vonandi sjáum við fyrir endann á Covid-ástandinu og getum hafið skólaárið í haust án allra takmarkana vegna sóttvarna.

Í apríl var haldinn aðalfundur félagsins þar sem kosin var ný stjórn en hana skipa:

Guðbjörg M. Sveinsdóttir formaður, Sveinbjörn Njálsson gjaldkeri, Svandís Egilsdóttir ritari, Fanney D. Halldórsdóttir og Ásta Huld Henrysdóttir meðstjórnendur. Varamenn eru Hrönn S. Steinsdóttir og Jóna Benediktsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga: Bylgja Baldursdóttir og Steinunn Sigurbergisdóttir

Á aðalfundi var samþykkt að félagsgjald einstaklinga yrði hækkað úr 2.500,- kr. í 2.800,- kr. en gjald styrktarskóla verði óbreytt.

Samþykkt var að niðurgreiða ferðakostnað leiðbeinenda sem fara lengra en 100 km. til að halda námskeið. Þetta er gert til að jafna námskeiðskostnað félagsmanna um allt land.

Einnig var samþykkt lagabreyting þess efnis að aðalfundur verður haldinn annað hvert ár, á því ári sem endar á sléttri tölu en áður var gert ráð fyrir aðalfundi á hverju ári.

Stjórn Uppbyggingar sjálfsaga hefur í vetur lagt áherslu á fræðslu til félagsmanna með námskeiðum, kynningum og örfundum. Haldin hafa verið námskeið, fræðslufundir og kynningar í vetur fyrir leik- og grunnskóla víðsvegar um landið. Upptökur af örfundunum eru inni á Facebook síðu félagsins og heimasíðunni. Við förum vonandi af stað með örfundina aftur næsta haust en það veltur allt á ykkar þátttöku og vilja til að deila verkefnum. Með því að deila verkefnum styrkjum við hvert annað og miðlum efni og hugmyndum og síðast en ekki síst fáum við skemmtilegar umræður og vangaveltur um starfið okkar með nemendum. Ég vil líka nota tækifærið og minna á að á Youtube er upptaka með Elínu og Fanneyju þar sem þær eru með fræðslu um sleikipinnaheilann

<https://www.youtube.com/watch?v=axLc9U38e5M> og þarfirnar

<https://www.youtube.com/watch?v=AcnT4Gz9JD8> og

<https://www.youtube.com/watch?v=T3PdQXjCNkk>

Kynningarmyndband sem gert var um stefnuna 2006 er komið á heimasíðuna:

<https://www.youtube.com/watch?v=cRXsjBM5Zy8>

Í ágúst verða nokkur námskeið á vegum félagsins eins og sjá má hér að neðan. Sum þeirra eru haldin fyrir ákveðna skóla og/eða sveitarfélög en ef áhugi er fyrir þátttöku má hafa samband og við athugum hvort það sé laust pláss. Skráning á opnu námskeiðin er á heimasíðunni, www.uppbygging.is

- 8.-9 ágúst Höfuðborgarsvæðið, haldið í Hörðuvallaskóla – opið öllum, sjá skráningu á heimasíðu
- 8.-9. ágúst Ísafjörður - Súðavík - lokað námskeið
- 11.-12. ágúst Egilsstaðir - Fjarðabyggð – Múlaping – lokað námskeið
- 12. ágúst Stapaskóli, kynning á félaginu á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun.
- 11.-12. ágúst Hofstaðaskóli – lokað námskeið
- 16.-17. ágúst Seltjarnarnes – lokað námskeið
- 18.-19. ágúst Suðurnes, haldið í Akurskóla – opið öllum, sjá skráningu á heimasíðu

Hægt er að kaupa úti- og innifána með merki félagsins hjá gjaldkera sveinbjorn.njalsson@gmail.com Fánarnir eru seldir á kostnaðarverði. Þetta er kjörin gjöf fyrir foreldrafélög eða aðra sem vilja gefa skóla eitthvað í lok skólaársins. Einnig eru til hjá Sveinbirni taupokar, lyklakippubönd, bækur og fleira.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég ykkur öllum fyrir veturinn og hlakka til næsta vetrar með ykkur í uppbyggjandi starfi.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga

Netfang: gudbjorgmsv@gmail.com



Uppbygging sjálfsgaga - Uppeldi til ábyrgðar

Námskeið á vegum félagsins í ágúst 2022

Höfuðborgarsvæðið

Grunnnámskeið (Restitution I) verður haldið 8. og 9. ágúst í Hörðuvallaskóla, Kópavogi. Kynnt verða helstu grundvallaratriði uppbyggingarstefnunnar, hugmyndafræði, aðferðir og hugmyndir. Námskeiðið er sérstaklega ætlað starfsfólki leik- og grunnskóla. Námskeiðið hefst kl. 9:00 og verður til kl. 16:00 báða dagana. Leiðbeinendur eru: Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Hildur Karlsdóttir. Skráning fer fram á netfangið uppbygging@uppbygging.is fyrir 15. júní n.k. Með skráningu þarf að fylgja: Fullt nafn, kennitala, netfang og upplýsingar um greiðanda námskeiðsgjaldsins (kennitala og heimilisfang).

Verð 30.000.- kr. með námskeiðsgögnum, hressingu og léttum hádegisverði.

Suðurnes

Grunnnámskeið (Restitution I) verður haldið 18. og 19. ágúst í Akurskóla. Kynnt verða helstu grundvallaratriði uppbyggingarstefnunnar, hugmyndafræði, aðferðir og hugmyndir. Námskeiðið er sérstaklega ætlað starfsfólki leik- og grunnskóla. Námskeiðið hefst kl. 8:15 og verður til kl. 16:00 báða dagana. Leiðbeinendur eru: Elín Yngvadóttir og Fanney D. Halldórsdóttir. Skráning fer fram á netfangið uppbygging@uppbygging.is fyrir 15. júní n.k. Með skráningu þarf að fylgja: Fullt nafn, kennitala, netfang og upplýsingar um greiðanda námskeiðsgjaldsins (kennitala og heimilisfang).

Verð 30.000.- kr.- kr. með námskeiðsgögnum, hressingu og léttum hádegisverði.

Meginatriði Uppeldis til ábyrgðar er að kenna börnum og unglingum sjálfsgaga og ýta undir gott sjálfstraust. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti, gagnkvæma virðingu og góðan skólabrag. Uppbygging sjálfsgaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Nemendur læra að þekkja grunnþarfir sínar og taka tillit til samferðamanna sinna.

Nánari upplýsingar veita: Guðbjörg M. Sveinsdóttir, gudbjorgmsv@gmail.com og Sveinbjörn Markús Njálsson, sveinbjorn.njalsson@gmail.com